

Nd.

414. Frumvarp til laga

[244. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

A.1. 2. gr. laganna orðist þannig:

Frá línu réttvisandi norður frá Horni (66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd) að línu réttvisandi norðaustur af Langanesi (66°22'7 n.br., 14°31'9 v.lgd.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan grunnlínu sem dregin er frá Horni gegnum eftirgreinda punkta: Selsker (66°07'5 n.br. 21°31'2 v.lgd), Ásbúðarrif (66°08'1 n.br. 20°11'0 v.lgd), Siglunes (66°11'9 n.br. 18°49'9 v.lgd.), Flatey (66°10'3 n.br. 17°50'3 v.lgd.), Lágey (66°17'8 n.br. 17°06'8 v.lgd.), Rauðanúp (66°30'7 n.br. 16°32'4 v.lgd.), Rifstanga 66°32'3 n.br. 16°11'8 v.lgd.), Hraunhafnartanga (66°32'2 n.br. 16°01'5 v.lgd.), Langanes (66°22'7 n.br. 14°31'9 v.lgd.).

2. gr.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.


Þegar frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni var í undirbúningi hjá fiskveiðilaganefnd, urðu þau mistök að við gerð uppdráttar, sem sýndu fyrirhugaðar togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi, gleymdist að taka með í reikninginn þá staðreynd, að með reglugerð nr. 189/1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands, voru felldir niður grunnlínupunktarnir Siglunes, Flatey og Lágey. Af þessari ástæðu varð uppdráttur á fylgiskjali II með ofangreindu frumvarpi, sem sýndi togveiðiheimildir samkvæmt því, ekki réttur miðað við texta 2. gr. A.1. frumvarpsins — nú laga nr. 102/1973. Hins vegar var það ætlun fiskveiðilaganefndar, að 12 sjómílna línan, sem getið er í 2. gr. A.1. yrði sú sama og landhelgislínan var fyrir útfærsluna í 50 sjómílar — eins og sýnt var í uppdraetti í ofangreindu fylgiskjali II með frumvarpinu. Þykir því herra nauðsyn til að breyta texta 2. gr. A.1. til samræmis við þetta, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Verði 2. gr. A.1. ekki breytt, eins og hér er lagt til, mun viðhaldast það ósamræmi, sem skapast hefur milli togveiðiheimilda íslenskra og breskra togara á tveimur svæðum suðaustur og suðvestur af Grímsey, þar sem breskir togarar mega fara inn að gömlu 12 sjómílna landhelgislínunni, en íslenskir togarar hafa minni heimildir á þessu svæði, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrautum.

Veiðheimildir íslenskra togskipa samkvæmt frumvarpi þessu.



Veiðheimildir íslenskra togskipa samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973.



XII-73